

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Yfirdýralæknir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Selfossi
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	23.01.2019
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13:00-15:00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>			
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Sigurjón Njarðarson, Ólafur R. Dýrmundsson og Erna Bjarnadóttir. Sigríður Björnsdóttir, Katrín Andrésdóttir og Henry Alexander Henrysson sátu fundinn í gegnum		

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
3. Þóknun fyrir setu í Fagráði – umræður um niðurstöðu ráðuneytis.
4. Önnur mál

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykkis/neitunar

Fundargerð var samþykkt samhljóða

2. Umsóknir um dýratilraunir

- a. *Uptaka mótetna úr broddi hjá nýfæddum kálfum.* Gerðar voru ákveðnar athugasemdir við tæknilega þætti tilraunarinnar. Fagráð veitir samhljóða jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar, með þeim fyrirvara að athugasemdir Fagráðs yrðu teknar til skoðunar og tilraunin endurskoðuð með hliðsjón af þeim.
- b. *Kerecis Oral sáraroð vs samanburðarvara í verndun nýmyndaðs beins í rottum.* Fagráð veitir samhljóða jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
- c. *Fish Skin in soft tissue reinforcement: An in vivo assessment of safety in a rat model of abdominal wall repair.* Fagráð veitir samhljóða jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
- d. *Vistfræðirannsóknir á íslenskum varpfuglum - Áður frestuð afgreiðsla frá fundi 28. nóvember 2018.* Enn eru uppi lagaleg vafaatriði sem þarfnast frekari skýringar áður en Fagráð getur tekið afstöðu til umsóknarinnar. Fagráð frestar afgreiðslu umsagnar fram til næsta fundar.

3. Þóknun fyrir setu í Fagráði – umræður um niðurstöðu Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins.

Þann 10. janúar 2019 barst formanni Fagráðs svarbréf Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins (ANR) vegna beiðni fulltrúa í Fagráðinu (utan formanns) um að greidd yrði þóknun fyrir setu í ráðinu í ljósi þess að mikil vinna felst í að fara yfir gögn og fundað er reglulega. Var svar ANR neikvætt utan þess að ráðuneytið féllst á að greiða ferðakostnað á fundi.

Ráðsfolk bókar einróma vonbrigði með niðurstöðu ANR. Formanni Fagráðs er falið að leitast eftir fundi ráðsfolks með ráðherra eða ráðuneytisstjóra og ræða þá stöðu sem upp er kominn.

4. Önnur mál.

Enginn önnur mál voru borin upp.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14.30. Næsti fundur er áætlaður 23. febrúar 2019 kl. 13:00 í höfuðstöðvum MAST, Selfossi.